



STARFSHÓPURINN „AUSTFIRZK EINING“. Fundur nr. 5

Fundargerð:

Fundur var haldinn í starfshópnum „AUSTFIRZK EINING“ þriðjudaginn 26. apríl 2011 kl. 13:00 á Skriðuklaustri í Fljótsdal.

Fundurinn hófst með veglegum hádegisverði í boði Fljótsdalshrepps kl. 12:00.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Páll Baldursson, Jón Þórðarson, Stefán Bogi Sveinsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Bárður Jónasson og Ólafur Hr. Sigurðsson. Jens Garðar Helgason boðaði forf. Ekki tókst að boða varam. úr Fjarðabyggð í hans stað. Auk þess sat fundinn frkvstj. SSA, Bj. Hafþór Guðmundsson, sem ritaði fundargerð.

Form. hópsins, Ólafur Hr. Sigurðsson, setti fund og stýrði honum.

DAGSKRÁ:

1. Frágangur skýrslu v/ sameiningaáforma o.fl.

Ólafur Áki Ragnarsson frá ÞFA sat fundinn undir þessum lið. Fyrir lágu áður send skýrsludrög, sem lítillega voru kynnt á fundi AE 1. apríl 2011. Farið var ítarlega yfir efni og innihald draganna og settar fram ýmsar hugmyndir um breytingar, áherzlur og efnistöð, sem ÓAR skráði hjá sér og mun vinna áfram með aðkomu Jóns Þórðarsonar og eftir atvikum Ólafs Hr. og Gunnþórunnar. Vinnuhópurinn gerir ekki aths. við að dráttur verði á afhendingu skýrslunnar m/v það, sem upphaflega var rætt, enda stafar hann m.a. af því að menn vilja leggja meiri vinnu í að móta endanlegan frágang og tillögur.

2. Almenningsamgöngur.

Frkvstj. útskýrði af hverju ekki hefði enn verið kallaður saman starfshópur, sem kjörinn var á seinasta fundi. Fram kom m.a. að verkefni því um almenningsamgöngur, sem unnið hefði verið að í Fjarðabyggð, væri ekki talið lokið og að forsvarsmenn þess hefðu óskað eftir að SSA héldi að sér höndum meðan unnið væri að lyktum málsins. Frkvstj. kvaðst hafa upplýst tengiliði SSA í innanríkisráðun. (irr) og hjá Vegagerðinni um hina nýju blindhæð í málinu og ljóst væri að þær stofnanir yrðu að taka af skarið um hvert og hvernig beina ætti hinum nýju áherzlum inn á Austurland eða ljúka málinu á annan hátt. Í því samb. var minnt á áform, sem kynnt hefðu verið á vegum „irr“ og Vegagerðarinnar fyrir forsvarsm. SSA og annarra landshlutasamtaka undanf. vikur og mánuði.

Frkvstj. falið að kalla starfshópinn (JS / IE / BHG) saman og honum eftirlátið að kalla eftir því að fulltrúa frá Fjarðabyggð væri bætt inn í hann.

3. Samstarfsverkefni / samstaða eða sundrung.

Eins og áður hefur komið fram, m.a. í samskiptum þeirra í milli, er sæti eiga í AE, verður að teljast nauðsynlegt að forsvarsmenn sveitarfélaganna fari saman yfir ýmsa ásteitingsteina, sem fallið hafa í gangvegi manna og byggðarlaga í milli að undanfögnu. Vegna fjarveru fulltrúa FJB. var málið (líklega) rætt minna en ella. Form. ÓHS fylgdi dagskrárliðnum úr hlaði. Allir viðstaddir tjáðu sig og m.a. kom fram að menn teldu margt sameina byggðarlög og svæðið hér eystra, umfram það sem sundrungu gæti valið.

Ennfremur hreinsuðu menn stöðuna eftir nokkuð hressileg skoðanskripti í netheimum undanfarnar vikur, en voru sammála um að það yrði ekki gert endanlega nema að viðstöddum fulltrúum allra sveitarfélaganna og forsvarsmanna þeirra (t.d. oddvita og framkvæmdastjóra). Því varð það niðurstaðan að halda opnu áfram að funda á slíkan hátt tímanlega fyrir aðalfund SSA og þá helst á fundi, sem boðað yrði til sérstaklega, t.d. af formönnum stjórnar SSA og vinnuhóps AE.



Undir þessum lið var ennfremur fjallað um samþykktir aðalfundar SSA haustið 2010. Stjórn SSA hefur nýlega farið yfir málefnið. Þar var rífað upp á hvern hátt þeim hefur verið fylgt eftir, en stjórn o.fl. hefur áður verið gerð grein fyrir því, m.a. með sérstökum minnisblöðum.

Stjórnin hafði falið frkvstj. að koma á framfæri við AE ósk um að á vettvangi starfshópsins yrði lagt mat á það, hvaða málaflokkar í samþykktunum falli að vítt skilgr. hlutverki AE og hvort vinnuhópurinn væri reiðubúinn að taka þá upp á arma sína.

Undir umræðu um málið minnti SBS á hugmynd sína um að kosin yrði sérstök nefnd af stjórn SSA til að fjalla um samgöngumál milli aðalfunda. Ýsmir viðstaddra upplýstu í því samhengi nýlega ákv. aðalfundar SSA að hætta að kjósa sérstaka nefnd í þessu skyni og fela sjálfri stjórninni slíkt hlutverk. AE telur þó eðlilegt að málaflokkar, sem falla beint að skilgreiningu á hlutverki hópsins verði til umfjöllunar innan hans.

4. Samvinnuverkefni (sem áður hafa verið til umfjöllunar).

4.1. Sorpurðun.

Framhald fyrri umræðu. ÓHS upplýsti um nýlegan fund á Egilsstöðum með aðkomu fulltrúa viðkomandi sveitarfélaga og ákv. sérfræðinga. Taldi hann að fyrir lægi sterkur vilji í Fjarðabyggð að leysa tímabundin vandamál ýmsissa sveitarfélaga, einkum eftir að og ef heimild til urðunar í Breiðdal yrði ekki lengur til staðar. GÍ minnti á að nú væru vísbendingar um að staðbundnari lausir, sem ákv. sveitarfélög nýttu sér, yrðu áfram mögul. og ekki stefndi eins sterklega í og áður að öll sveitarfélögin yrðu að finna sér sameiginlega lausn / einn urðunarstað.

4.2. Tenging skólastiga.

Var frestað v/ tímaskorts á IV. fundi. Samþ. að fela ÓHS að sjá til þess að um málið yrði fjallað á vettvangi Skólaskrifstofuhóps. (Fundir fr. frá kl. 15 til 16).

5. Önnur mál:

a) Vegna umræðu á vettvangi stjórnar SSA um hvaða málefni ættu að verða helztu umfjöllunarefni á aðalfundi SSA haustið 2011 varpaði JÞ fram þeirri hugmynd, að menntamálum yrðu gerð ítarleg skil á fundinum. Nefndi hann í því sambandi mikilvægi þess að skólar í fjórðungnum á öllum stigum hafi það sem markmið að vera ætíð í fremstu röð, þannig að aukin yrði sókn í framhaldsnám í skóla sem staðsettir væru á Austurlandi í stað núverandi „leka“ á nemendum á framhaldsskólastigi til annarra svæða.

b) Næsti fundur:

Ákv. var að næsti fundur AE verði á Djúpavogi eigi síðar en 10. júní. Ákveða þarf þó fundardag sem fyrst og munu ÓHS og BHG varpa fram hugmyndum við fulltrúa sveitarfélaganna í vinnuhópnum.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 16:15. Bj. Hafþór Guðm. (fundarritari).

Farin var stutt en áhugaverð kynnisferð í nýbyggingu Vatnajökulshjórðgarðs, sem stendur skammt frá Skriðuklaustri. Þar tóku á móti hópnum Agnes Brá Birgisdóttir, þjóðgarðsvörður og Ragna Fanney Jóhannsdóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar, er upplýstu um verkefni þess hluta starfseminnar, sem fram fer hér eystra.

Í upphafi fundar gekk Skúli Björn Gunnarsson, staðarhaldari á Skriðuklaustri, með fundarmönnum um sali fyrrum íbúðarhúss hins virta rithöfundar Gunnars Gunnarssonar. Rithöfundurinn, fæddist á Valbjófsstað í Fljótsdal. Átján ára gamall sigldi hann til Danmerkur og fluttist ekki aftur heim fyrr en árið 1939 eftir liðlega þriggja áratuga búsetu ytra. Eftir heimkomuna byggði Gunnar húsið að Skriðuklaustri sem hann og kona hans, Franziska Gunnarsson, afhentu Ríkisstjórn Íslands að gjöf árið 1948. Á ferli sínum samdi Gunnar yfir tuttugu skáldsögur, þrjár ljóðabækur, þrjú leikrit, urmul smásagna, heimspekirit og fjölda ritgerða og pistla um hin ýmsu málefni. Skáldið lést árið 1974.

Með í kynnisförinni um húsið á Skriðuklaustri voru forsvarsmenn Fljótsdalshrepps, Gunnþórunn Ingólfssdóttir og Jóhann Þórhallsson.